

Undirritaðir aðilar, Sveitarfélagið Árborg kt. 650598-2029, Austurvegi 2, 800 Selfoss annars vegar og hins vegar Sigtún Próunarfélag ehf., kt. 551012-1310, Efstasundi 87, 104 Reykjavík:
Yfirlýsingum um framkvæmdir á u.p.b. 1,6 ha svæði við miðbæ Selfoss n.t.t. við miðbæjargarðinn á Selfossi.

Þá er Sigtúni Próunarfélagi ehf. veitt svofellt: **Vilyrði fyrir lóðaúthlutun.**

Sigtún Próunarfélag ehf. hefur óskað eftir því við sveitarfélagið að fá úthlutað svæði í miðbæjargarðinum á Selfossi. Svæðið er afmarkað á meðfylgjandi uppdrætti sem merktur er fylgiskjal nr. I með samkomulagi þessu og telst hluti þess.

Forsvarsmenn Sigtúns Próunarfélags ehf. hafa upplýst að þeir hyggist skipuleggja allt svæðið í heild, á sinn kostnað.

Komi til þess að Sigtúni Próunarfélagi ehf. verði formlega úthlutað nefndu svæði þá þá verður það m.a. gert með neðangreindum, skilyrðum:

Sigtún Próunarfélag ehf. skuldbindur sig til þess að sjá um og kosta gerð deiliskipulags fyrir svæðið í heild sinni og leggja fyrir sveitarfélagið til umfjöllunar og afgreiðslu.

Sigtúni Próunarfélagi ehf. er óheimilt að framselja og/eða veðsetja réttindi og skyldur sem fylgja nefndu svæði, hverju nafni sem nefnast, nema með samþykki sveitarfélagsins.

Komi til úthlutunar á framagreindri lóð/svæði til Sigtúns Próunarfélags ehf. þá verða gerðir lóðaleigusamningar fyrir hverja lóð fyrir sig á svæðinu, sem skulu allir m.a. innihalda framangreind efnisatriði.

Sigtún Próunarfélag ehf. skuldbindur sig til þess að greiða gatnagerðargjöld og öll önnur byggingargjöld þ.m.t. tengigjöld, sem lögð verða á húsbyggingar á viðkomandi lóðum, til sveitarfélagsins, í samræmi við gildandi gjaldskrár á hverjum tíma. Sveitarfélagið Árborg mun annast gatnagerð á svæðinu.

Reglur um úthlutun lóða í Sveitarféluginu Árborg skulu hafðar til viðmiðunar og leiðbeiningar varðandi framkvæmdir á svæði því er samkomulag þetta tekur til.

Komi til formlegrar lóðaúthlutunar skal frestur lóðarhafa til að hefja framkvæmdir á svæðinu vera 8 mánuðir frá því að lóð telst vera tilbúin fyrir byggingarframkvæmdir. Lóð telst tilbúin fyrir byggingarframkvæmdir þegar gatnagerð er lokið og stofnkerfi lagna við viðkomandi lóð er tilbúið. Framkvæmdir teljast hafnar þegar sökklar undir byggingu hafa verið steypir. Framlenging á frestinum kemur því aðeins til greina að Sigtún Próunarfélag ehf. séki um slíkt skriflega áður en fresturinn rennur út og geti fært fram rök fyrir slikri beiðni. Óheimilt er að veita lengri frest en sem nemur 4 mánuðum.

Úthlutun mun falla úr gildi ef frestur rennur út án þess að Sigtún Próunarfélag ehf. hefji byggingarframkvæmdir eða setji fram rökstudda beiðni um lengri frest.

Komi til formlegrar úthlutunar og framkvæmdir hafa ekki hafist innan framangreinds frests þá telst úthlutun lóða á svæði því er samkomulag þetta tekur til niður fallin. Lóðirnar munu þá falla aftur til Sveitarfélagsins Árborgar, án nokkurrar endurgreiðslu til lóðarhafa, á gjöldum eða kostnaði sem hann kann að hafa innt af hendi. Framkvæmdir sem kunna að hafa átt sér stað á svæðinu falla þá án endurgjalds til sveitarfélagsins.

Lóðarleigusamningur fyrir lóðir á svæðinu verða ekki gerðir fyrr en eftirfarandi skilyrðum hefur verið fullnægt:

- a) Að öll gjöld hafi verið greidd til Sveitarfélagsins.
- b) Lokið skal við að steypa sökkla og plötu fyrir allar byggingar á svæðinu.
- c) Eignaskiptayfirlýsing skal liggja fyrir, sbr. 16.gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994 með síðari breytingum.

Lóðarhafa er óheimilt að framselja leigurétt sinn fyrr en lóðarleigusamningur hefur verið gerður og honum þinglýst. Lóðarhafi ber kostnað af þinglýsingu lóðarleigusamningsins. Framsal lóðarleiguréttarins er háð samþykki sveitarfélagsins.

Sigtún Próunarfélag ehf. skuldbindur sig til þess að ljúka öllum framkvæmdum á svæði því er um ræðir innan fjögurra ára frá því að formleg úthlutun svæðisins á sér stað, með tilkynningu til Sigtúns Próunarfélags ehf. þar um.

Vilyrði þetta er veitt til 6 mánaða. Sigtún Próunarfélag ehf. getur sótt um fram lengingu á gildistíma vilyrðis þessa ef lóð er ekki byggingarhæf, af ástæðum sem varða sveitarfélagið, innan þess tíma sem vilyrðið gildir. Endanleg úthlutun getur aldrei farið fram fyrr en að lokinni skipulagsvinnu, sé hennar þörf, sýnt hefur verið fram á að fjármögnun fyrir hugaðra framkvæmda og að fengnu endanlegu samþykki bæjarstjórnar.

Undir þessa yfirlýsingum er ritat f.h. Sigtúns Próunarfélags ehf. og Sveitarfélagsins Árborgar..

Selfoss / 2015

F.h. Sveitarfélagsins Árborgar

F.h. Sigtúns Próunarfélags ehf.

Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdarstjóri
Með fyrirvara um endanlegt samþykki
bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar

Vottar :

HER ER TILLAGA AÐ LÖB FYRIR MIDBÆÐ SELFOSS ER SYND
MED RAUDRI LINU STÆRD LODARINNAR ER 1,6 ha.
SAMEINA Á ÝMSAR LÓPIR SEM ERU Í EIGU
SVEITARFÉLÁSSÍNS ÁRBORGAR, SAMEINAÐAR LÓÐIR
ERU SYNDAR MED GULUM LINUM.



SELF OSS - MÍÐBÆÐ SAMEINING LÓÐA



VERKFRÆÐISTOFNA

BLASTÝRÐ HANNAÐ: PB

A3 TEKNIÐAD: PB

YFIRVARÐ: ÚTGÁFA

MÆLÍKJARD: SAMþYKKT:

DAGS: 16.3.2015

1:1000

HANNAÐ TEKNIÐVÍFIR

ÚTGÁFUFERIL

2839-021-02-Málsær dæg

17.25.31